Alþingi - nefndasvið
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2026
MSS26090070
hsg

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 8.10.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2027

Lögð fram umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til fjárlaga 2027, dags. 6. október. 2026.
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar og Miðflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

> Samfylkingin leggur sérstaka áherslu á að fyrirhugaðar breytingar á ríkisframlögum til Betri samgangna leiði ekki til tafa á framkvæmdum ársins 2027. Mikilvægt er að greina skýrt á milli tímabundinnar tilfærslu fjárheimilda og eiginlegs niðurskurðar, en jafnframt verður að tryggja að bæði ríki og sveitarfélög standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samgöngusáttmálanum. Við tökum undir mikilvægi stöðugra ríkisfjármála, lægri verðbólgu og vaxta. Um leið þarf að tryggja að lögbundin verkefni sveitarfélaga séu fjármögnuð með fullnægjandi og fyrirsjáanlegum hætti.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt: Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til fjárlaga 2027.

Reykjavík

Viðtakandi: Fjárlaganefnd Alþingis
Sendandi: Reykjavíkurborg

Reykjavík, 6. október 2026
MSS26090070

UMSÖGN

Fyrir fjárlaganefnd Alþingis liggur frumvarp til fjárlaga árið 2027, mál nr. 1/158.

Reykjavíkurborg vill koma á framfæri eftirfarandi atriðum sem öll hafa mikilvæg áhrif á þjónustu, rekstur og afkomu sveitarfélaga:

- mikilvægt er að stöðugleiki ríki í efnahagslegu umhverfi sveitarfélaga
- sveitarfélög fái hlutdeild í fjármagnstekjuskatti og að gistináttaskattur renni til sveitarfélaga
- uppbygging mikilvægra innviða verði undanþegin virðisaukaskatti
- fjármagnstekjuskattur á lánsviðskipti milli A- og B- hluta sveitarfélaga verði afnuminn
- tryggð verði full fjármögnun á lögbundinni þjónustu við fatlað fólk
- tryggð verði fjármögnun þjónustu við börn og ungmenni með fjölþættan vanda og stuðningsþarfir
- ríkið axli ábyrgð sína á þjónustu við einstaklinga sem þurfa öryggisvistun
- tryggð verði fjárframlög til móttöku flóttafólks í samræmi við fyrirséðar þarfir og ábyrgð ríkisins á málaflokknum
- tryggð verði áframhaldandi framlög vegna farsældarlaga
- tryggð verði fjármögnun skólaþjónustu til sveitarfélaga

Í hjálagðri umsögn er ítarlegri umfjöllun um þessi atriði.

---

1. Staðan í efnahagslegu umhverfi sveitarfélaga

Sveitarfélögin á Íslandi eru afar mikilvægur hlekkur í því að veita landsmönnum þjónustu. A-hluti rekstrar þeirra svarar til um það bil 30% af útgjöldum hins opinbera, sem sýnir vel hversu stóru hlutverki þau gegna við að hrinda opinberri stefnu í framkvæmd. Á ábyrgð sveitarfélaganna hvílir nærþjónusta við börn og ungmenni, rekstur leik- og grunnskóla, félagsþjónusta, aðstoð við fatlað fólk og eldra fólk auk annarra verkefna sem lög kveða á um. Þar að auki fara sveitarfélögin með menningar- og lýðheilsumál og bjóða upp á fjölbreytt frístundastarf fyrir alla aldurshópa.

Hafa ber í huga að útgjöld sveitarfélaga bregðast sterkt við launahækkunum og verðbólgu, enda eru þau nánast eingöngu samsett af launum og beinum innkaupum á vörum og þjónustu. Vaxtagjöld eru sömuleiðis kostnaðarsamur liður sem er mjög viðkvæmur fyrir efnahagsaðstæðum hverju sinni. Við ríkjandi aðstæður, þar sem

verðbólga er yfir markmiði og raunvextir háir, verður rekstrarumhverfi sveitarfélaganna því sérstaklega erfitt.

Undanfarin ár hefur þjónusta sveitarfélaga vaxið, með auknu vægi einstaklingsmiðaðra og staðbundinna lausna. Eigi sveitarfélögin að rísa undir stækkandi lögbundnu hlutverki sínu þarf að búa þeim trausta tekjustofna sem þola sveiflur í efnahagslífinu. Í þessu sambandi hefur verið vakin athygli á nauðsyn þess að víkka tekjustofna sveitarfélaganna, meðal annars með hlutdeild fjármagnstekjuskatti og að gistináttaskattur renni til sveitarfélaga. Hlutdeild í gistináttaskatti fæli í sér að tekjur sem myndast í héraði skili sér til nærumhverfisins og hlutdeild í fjármagnstekjuskatti myndi tryggja að sveitarfélögin fái sanngjarnar skatttekjur af þeim íbúum sem velja að reka starfsemi sína í formi einkahlutafélags.

Takmarkaðir fjármunir og þröng rekstrarstaða leiða oft til þess að dregið er úr nauðsynlegum fjárfestingum innviða sveitarfélaga. Fjárfesting í innviðum sveitarfélaga skiptir miklu máli, fyrir lífsgæði íbúanna og samkeppnisstöðu Íslands, bæði til skemmri og lengri tíma. Arðbær fjárfesting í innviðum getur til langs tíma stuðlað að meiri hagvexti sem er í öllum skilningi sameiginlegt markmið hins opinbera. Ríkissjóður leggur hins vegar virðisaukaskatt á fjárfestingu sveitarfélaganna, sem skerðir verulega getu þeirra til að fjárfesta. Þar sem hið opinbera í heild, bæði ríki og sveitarfélög, hefur sameiginlegan hag af uppbyggingu mikilvægra innviða er brýnt að ráðast í vinnu við að afmarka hvaða innviðir ættu að vera undanþegnir virðisaukaskatti. Reykjavíkurborg er reiðubúin að leggja sitt af mörkum í þeirri vinnu.

Loks veldur skattlagning ríkissjóðs á lánaviðskipti innan samstæðu sveitarfélaga því að sveitarfélögin standa ekki jafnfætis ríkissjóði gagnvart fjármögnun fjárfestinga. Sambærileg endurlán milli fjármálaráðuneytisins og ríkisfyrirtækja, í stað þess að þau taki lán beint gegn ríkisábyrgð, sæta ekki sömu skattlagningu. Reykjavíkurborg leggur áherslu á að Alþingi taki lög um tekjuskatt til endurskoðunar með það að markmiði að afnema fjármagnstekjuskatt af slíkum lánaviðskiptum innan samstæðu borgarinnar. Eðlilegt væri að sveitarfélögin nytu sömu stöðu og ríkissjóður og fyrirtæki í eigu ríkisins hvað þetta varðar.

Reykjavíkurborg ítrekar mikilvægi þess að frumvarp til fjárlaga 2027 tryggi fulla og varanlega fjármögnun þeirra lögbundnu verkefna sem sveitarfélögum er falið að sinna. Sérstaklega þarf að bregðast við viðvarandi undirfjármögnun þjónustu við fatlað fólk og tryggja skýra ábyrgðar- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna einstaklinga með miklar og flóknar stuðningsþarfir, þar á meðal barna og fullorðinna sem þurfa sérhæfð úrræði.

Jafnframt telur Reykjavíkurborg mikilvægt að fyrirhugaðar breytingar á móttöku flóttafólks, framkvæmd farsældarlaga, atvinnuleysistryggingum og öðrum ríkisverkefnum verði metnar með tilliti til fjárhagslegra áhrifa á sveitarfélög. Áður en verkefni, þjónustuskyldur eða kostnaður flytjast milli stjórnsýslustiga þarf að liggja fyrir heildstætt kostnaðarmat og tryggðir tekjustofnar sem standa undir þeim skyldum sem sveitarfélögum eru ætlaðar.

2. Samgöngusáttmáli

Framlög ríkis og sveitarfélaga til uppbyggingar samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu eru samningsbundin í samkomulagi um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum sem undirritað var árið 2019 og uppfært var árið 2024. Í fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2027 er lagt til að framlög til Betri samgangna lækki tímabundið um 2 ma.kr. og gengið verði á uppsafnaðar heimildir. Samkvæmt ráðuneytinu er þetta tilfærsla en ekki lækkun. Eigi að fara fram tilfærsla eða frestun á framlögum þarf samtal um slíkt að fara fram á milli ríkis og sveitarfélaga skv. ákvæðum samkomulagsins. Þar sem ekkert slíkt samtal hefur átt sér stað þá verða tillögur um tilfærslu fjármagns að byggjast á sjóðstreymis- og fjárfestingaáætlunum Betri Samgangna ohf. þannig að ekki verði seinkun á þeim verkefnum sem eru á áætlun félagsins næsta árið. Einnig er til skoðunar hvort sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu fresti sínum framlögum hlutfallslega til jafns við ríkið og gætu því heildar framlög til Betri Samgangna ohf. lækkað um rúmlega 2,5 ma.kr. árið 2027, sem er 27% lækkun frá upprunalegum áætlunum um framlög.

Brýnt er að uppbygging Betri samgangna á samgönguinnviðum höfuðborgarsvæðisins haldi áætlun og sé fjármögnuð á hverjum tíma, mikilvægt er því að það liggi fyrir staðfesting þess efnis að tillögð tilfærsla hafi ekki áhrif á fjárfestingar félagsins á árinu 2027 áður en frumvarpið er samþykkt.

3. Þjónusta við fatlað fólk

Þjónusta við fatlað fólk var færð frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 og áttu hækkun útsvars og fjármögnun í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að tryggja fulla fjármögnun þjónustunnar. Frá þeim tíma hafa kröfur um einstaklingsmiðaða þjónustu aukist verulega, meðal annars vegna ákvæða laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, aukinnar eftirspurnar eftir sértækum húsnæðisúrræðum og breyttrar þjónustuþarfar. Fjármögnun hefur hins vegar ekki þróast í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til sveitarfélaga.

Útgjaldaþróun málaflokks fatlaðs fólks hefur verið í ítarlegri rýni frá því á árinu 2021 og þrívegis frá þeim tíma hefur verið samið um viðbótarfjármagn til málaflokksins með flutningi á fjármagni frá ríki til sveitarfélaga. Þrátt fyrir samanlagða hækkun fjármögnunar málaflokksins sem nemur 0,45%-stigum hækkun útsvars (0,22%-stig árið 2023 og 0,23%-stig árið 2024) vantar enn upp á fulla fjármögnun málaflokksins til þess að sveitarfélög geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 38/2018. Það er mat sveitarfélaganna að til framtíðar þurfi að hækka útsvarið enn frekar til að ná til fulls utan um skyldur samkvæmt lögum. Hjá Reykjavíkurborg var rekstur málaflokksins 7,1 ma.kr. umfram markaða tekjustofna árið 2025. Þrátt fyrir umfangsmikið kostnaðaraðhald hefur þjónustan frá yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 kostað mun meira en framlög Jöfnunarsjóðs og viðbótarútsvar sveitarfélaga hafa staðið undir.

Á síðustu árum hefur orðið fjölgun einstaklinga með mjög umfangsmiklar og flóknar stuðningsþarfir. Dómar og úrskurðir dómstóla hafa í auknum mæli leitt til þess að sveitarfélög bera ábyrgð á kostnaðarsömum búsetu- og stuðningsúrræðum sem áður féllu að hluta eða öllu leyti utan hefðbundins verksviðs þeirra.

Ítrekað hefur komið fram í úttektum að sveitarfélög standa frammi fyrir miklum fjárhagslegum áskorunum vegna sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk en biðlistar eru langir og langt í að unnt verði að bjóða þeim sem rétt hafa úrræði við hæfi. Ríki og sveitarfélög þurfa að gera sameiginlega langtímaáætlun til 7-10 ára um hvernig tekist verði á við fjármögnun uppbyggingar. Ekkert hefur bólað á samtali um þessa brýnu þörf.

Lögfesting samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks seint á árinu 2025 styrkir réttindi fatlaðs fólks. Það var mat félags- og húsnæðismálaráðuneytis að lögfestingin hefði ekki í för með sér verulegan beinan kostnað fyrir ríkissjóð, þar sem Ísland hafði þegar fullgilt samninginn árið 2016 og þegar tekið á sig alþjóðlegar skuldbindingar samkvæmt honum. Heildstætt mat á fjárhagleg áhrif á sveitarfélög lá hins vegar ekki fyrir, þrátt fyrir að sveitarfélögin fari með þjónustu við málaflokkinn, en fram kom í gögnum frumvarpsins að „[e]kki er gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi áhrif á fjárhag sveitarfélaga, umfram það sem nú þegar leiðir af skyldum sveitarfélaga til að tryggja réttindi fatlaðs fólks". Fram kom hins vegar að samþykktin væri til þess fallin „að styrkja réttindi fatlaðs fólks..." og „auka réttaráhrif samningsins...". Það er að mati Reykjavíkurborgar óásættanlegt að fjárhagslegt mat á áhrifum þess að lögfesta samninginn hafi ekki farið fram í ljósi þess að ábyrgðin á þjónustunni er hjá sveitarfélögunum og brýnir fjárlaganefnd að stuðla að því að fjárhagsleg áhrif þeirra skuldbindinga sem af lögfestingunni leiða, sem og fjárhagsleg áhrif annarra lagabreytinga og aukinna þjónustukrafna, verði metin og fjármögnuð með fullnægjandi hætti.

4. Börn og ungmenni með fjölþættar stuðningsþarfir

Samkomulag ríkis og sveitarfélaga felur í sér að ríkið taki yfir framkvæmd og fjármögnun sérhæfðrar þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Í fjárlögum 2026 voru veittir 3 ma. kr. vegna yfirfærslunnar og í fjárlagafrumvarpi 2027 er gert ráð fyrir 800 m.kr. viðbótarframlagi. Reykjavíkurborg fagnar aukinni fjármögnun enda mikilvægt að börn með fjölþættar stuðningsþarfir fái aðgang að heildstæðri og sérhæfðri þjónustu.

Jafnframt leggur Reykjavíkurborg áherslu á að skilgreining þess hóps sem ríkið tekur ábyrgð á sé í samræmi við markmið samkomulagsins og raunverulega þjónustuþörf barnanna. Fjármögnun og þjónustufyrirkomulag þurfa að styðja við hagsmuni barnsins og viðeigandi þjónustustig. Fyrirkomulagið má ekki skapa hvata til fullrar vistunar utan heimilis þegar hlutavistun eða önnur vægari stuðnings- og vistunarúrræði þjóna þörfum barnsins betur.

Einnig þarf að skýra ábyrgð þegar ungmenni ná 18 ára aldri en þarfnast áfram umfangsmikils stuðnings vegna fjölþætts vanda. Tryggja þarf samfellu í þjónustu og skýra fjárhagslega ábyrgð þannig að kostnaður færist ekki sjálfkrafa til sveitarfélaga þegar einstaklingur nær 18 ára aldri. Auk þess er bent á að barnaverndaryfirvöld geta ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Það er því krafa að samkomulagið nái einnig til þess hóps.

5. Einstaklingar með miklar og flóknar stuðningsþarfir og öryggisvistun

Á undanförnum árum hefur einstaklingum með mjög umfangsmiklar stuðningsþarfir og áhættuhegðun fjölgað. Reykjavíkurborg hefur ítrekað bent á að öryggisvistun og öryggisráðstafanir séu í eðli sínu á ábyrgð ríkisins og að skortur á sérhæfðum úrræðum á vegum þess hafi leitt til verulegs kostnaðar og aukinnar þjónustuábyrgðar sveitarfélaga.

Reykjavíkurborg fagnar þeirri vinnu sem fram hefur farið við mótun heildstæðrar lagaumgjarðar um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn. Mikilvægt er að vekja athygli á því að lög um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn taka fyrst og fremst til einstaklinga sem dæmdir eða úrskurðaðir hafa verið til að sæta öryggisráðstöfun. Utan þess ramma stendur áfram hópur einstaklinga sem vegna fötlunar, geðræns vanda og/eða flókinna og umfangsmikilla stuðningsþarfa getur þurft mjög sérhæfða þjónustu og umgjörð, án þess þó að fyrir liggi dómsúrlausn um öryggisráðstöfun. Þjónusta við þennan hóp fellur því áfram að verulegu leyti á sveitarfélögin á grundvelli almennrar félags- og stuðningsþjónustu. Með nýju lögunum er þannig ekki leyst úr þeirri stöðu sveitarfélaga að þurfa að byggja upp og reka afar sérhæfð og kostnaðarsöm þjónustuúrræði fyrir einstaklinga með slíkar þarfir sem falla utan gildissviðs laganna. Mikilvægt er að ábyrgð ríkis og sveitarfélaga gagnvart þessum hópi verði skýrð sérstaklega og að tryggt verði að ábyrgð á þjónustu, sérhæfðri þekkingu, áhættustýringu og fjármögnun sé skýr og í samræmi við eðli og umfang þjónustuþarfanna.

Sérstaklega þarf að skýra ábyrgð vegna húsnæðis, búsetuúrræða og þjónustu við þennan hóp, enda getur kostnaður verið bæði umfangsmikill og varanlegur. Ekki má skapast sú staða að sveitarfélög beri fjárhagslega ábyrgð á verkefnum sem í grunninn eru á verksviði ríkisins.

6. Móttaka flóttafólks og endurgreiðslur vegna félagsþjónustu

Fyrirliggjandi breytingar á fyrirkomulagi þjónustu og framfærslu einstaklinga af erlendum uppruna, ásamt breytingum á fjármögnun ríkisins, geta haft veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga. Nauðsynlegt er að horfa heildstætt til samspils samræmdrar móttöku flóttafólks, ríkisgreiddrar framfærslu og endurgreiðslna samkvæmt 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í fyrirliggjandi drögum er gert ráð fyrir að tímabundin framlög falli niður, annars vegar 2.750 m.kr. vegna 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og hins vegar 400 m.kr. vegna samræmdrar móttöku flóttafólks. Niðurfelling slíkra framlaga dregur ekki sjálfkrafa úr þjónustuþörf þeirra einstaklinga sem þegar búa í sveitarfélaginu. Hún getur þess í stað aukið útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar, félagslegrar ráðgjafar, húsnæðisþjónustu og annarrar lögbundinnar félagsþjónustu.

Núgildandi samningur um samræmda móttöku gerir ráð fyrir þjónustu við allt að 1.800 einstaklinga hjá Reykjavíkurborg. Óháð framtíð samningsformsins þarf fjármögnun að taka mið af raunverulegri og áframhaldandi þjónustuþörf þeirra einstaklinga sem þegar eru búsettir í sveitarfélaginu.

7. Farsældarlögin

Samkvæmt lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna bera sveitarfélög lögbundna ábyrgð á málstjórn þegar barn þarf fjölþætta þjónustu á öðru eða þriðja stigi til lengri tíma. Fjármögnun verkefnisins þarf að taka mið af raunverulegu umfangi þess og kostnaði sveitarfélaga við framkvæmd laganna.

Verði sérstök framlög vegna framkvæmdar laganna lækkuð eða felld niður án samsvarandi breytinga á verkefnum og skyldum sveitarfélaga felur það í sér beina tilfærslu kostnaðar frá ríki til sveitarfélaga.

Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að tímabundið 1,1 milljarða kr. viðbótarframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna falli niður, þar sem fimm ár verða liðin frá gildistöku laganna. Reykjavíkurborg telur mikilvægt að þessi ákvörðun verði endurmetin. Innleiðing farsældarlaganna er umfangsmikið breytingaverkefni sem krefst áframhaldandi stuðnings, samhæfingar og fjármögnunar. Ef framlagið fellur niður án þess að tryggt sé annað varanlegt fjármagn skapast hætta á að sú uppbygging sem átt hefur sér stað síðustu ár veikist, þjónusta við börn og fjölskyldur minnki og aukinn kostnaður lendi á sveitarfélögum án fullnægjandi mótvægisaðgerða og eykur líkur á að vandi barna verði umfangsmeiri og kostnaðarsamari síðar.

Farsæld barna er sameiginlegt ábyrgðaverkefni ríkis og sveitarfélaga. Sú ábyrgð verður ekki tryggð nema fjármögnun verkefnisins fylgi þeim metnaðarfullu markmiðum sem Alþingi hefur sjálft sett.

8. Heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustuþarfir

Aðstæður þeirra sem teljast til hóps einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuþarfir eru sárar, skortur er á eða bið eftir viðeigandi úrræðum velferðar- og heilbrigðiskerfis og enn hefur ríkið ekki mótað stefnu í málaflokknum. Reykjavíkurborg rekur nú þegar margvísleg úrræði fyrir heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustuþarfir og hefur kallað eftir sérstöku ríkisframlagi til heimila, hjúkrunarheimila og/eða dagþjónustu fyrir þennan hóp.

Önnur sveitarfélög hafa flest haldið að sér höndum varðandi uppbyggingu í málaflokknum. Reykjavíkurborg hefur hins vegar á undanförnum árum ráðist í ýmsar aðgerðir sem bætt hafa þjónustu og stuðning við hópinn og ber í raun hitann og þungann af málaflokknum. Mikil uppbygging hefur orðið í málaflokknum og til ársins 2027 verður áfram lögð áhersla á fjölbreytt úrræði og einstaklingsmiðaðan stuðning í húsnæði. Eins ber að nefna að mikill skortur er á heilbrigðisþjónustu fyrir þennan hóp.

Árlegur kostnaður Reykjavíkurborgar í formi reksturs neyðarskýla, áfangaheimila, smáhúsa og úrræða fyrir heimilislausa ásamt virkni og ráðgjöf nemur rúmum 2 ma.kr. árlega og er áætlað að kostnaður fari hækkandi með opnun nýrra úrræða.

Mikilvægt er að Alþingi tryggi framlag til þess að fjármagna lausnir fyrir þessa einstaklinga í formi heimila, hjúkrunarheimila eða dagþjónustu.

9. Áhrif breytinga á atvinnuleysistryggingum

Breytingar hafa verið gerðar á atvinnuleysistryggingakerfinu sem fela í sér að hámarkslengd greiðslutímabils atvinnuleysistrygginga hefur verið stytt úr 30 mánuðum í 24 mánuði. Jafnframt hefur verið hert á skilyrðum fyrir ávinnslu bótaréttar þannig að atvinnuleitandi þarf nú að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í að lágmarki 12 mánuði á ávinnslutímabili, í stað þriggja mánaða samkvæmt fyrra fyrirkomulagi.

Mikil óvissa ríkir um hversu margir einstaklingar munu þurfa að leita til sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar í kjölfar þessara breytinga. Ljóst er þó að hluti þeirra sem áður hefðu átt rétt á atvinnuleysistryggingum kann að uppfylla skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Jafnframt geta þeir átt rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi, sem eykur útgjöld sveitarfélaga enn frekar.

Þá má gera ráð fyrir auknu álagi á velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar vegna ráðgjafar, stuðnings og virkniúrræða fyrir einstaklinga sem falla utan atvinnuleysistryggingakerfisins og njóta því ekki þjónustu Vinnumálastofnunar með sama hætti og áður.

Reykjavíkurborg hefur verulegar áhyggjur af því að breytingarnar leiði til tilfærslu kostnaðar frá ríki til sveitarfélaga ef virkniúrræði og aðrar mótvægisaðgerðir draga ekki nægilega úr þeim fjölda sem þarf á fjárhagsaðstoð að halda. Samkvæmt mati Reykjavíkurborgar gæti viðbótarkostnaður sveitarfélagsins numið 75–200 m.kr. á ári ef hlutfall þeirra sem uppfylla skilyrði fjárhagsaðstoðar verður á bilinu 10–25%.

10. Þjónusta við eldra fólk

Gera má ráð fyrir verulegri fjölgun eldra fólks sem þarf þjónustu í heimahúsi á næstu árum. Fjölgunin verður hlutfallslega mest í elstu aldurshópunum og þjónustuþörf verður jafnframt flóknari og umfangsmeiri þar sem fleiri búa lengur heima með fjölþættan heilsubrest og aukna umönnunarþörf.

Kostnaður vegna heimahjúkrunar er greiddur af ríkinu en heimastuðningur af sveitarfélögum. Reykjavíkurborg hefur metið viðbótarfjárþörf vegna heimaþjónustu næstu fimm ára um 850 m.kr. Markmið um að fólk geti búið lengur heima kalla því á samhæfða og fullnægjandi fjármögnun heimahjúkrunar og heimastuðnings.

11. Húsnæðismál og húsnæðisstuðningur

Núverandi fyrirkomulag húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings skiptist á milli ríkis og sveitarfélaga. Fyrirkomulagið flækir umsóknarferli, dregur úr gagnsæi og takmarkar yfirsýn. Reykjavíkurborg telur rétt að skoða sameiningu stuðningskerfisins á einu stjórnsýslustigi með það að markmiði að einfalda aðgengi og stuðla að markvissari ráðstöfun opinbers fjár.

Reykjavíkurborg hefur lagt verulegt fjármagn í uppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis bæði með fjölgun íbúða á vegum Félagsbústaða og stofnframlögum til óhagnaðardrifinna leigufélaga en eftirspurn er áfram umfram framboð. Samkvæmt gögnum borgarinnar eru sem dæmi um 500 umsækjendur á biðlista eftir almennu félagslegu leiguhúsnæði.

Fyrirsjáanleg stofnframlög eru forsenda þess að sveitarfélög og óhagnaðardrifin leigufélög geti haldið áfram uppbyggingu leiguhúsnæðis.

12. Skólaþjónusta við sveitarfélög

Reykjavíkurborg lýsir yfir verulegum áhyggjum af lægra fjárframlagi til Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS) á sama tíma og ríkið hefur lagt aukna áherslu á samræmda skólaþjónustu, betri námsgögn og stuðning við skóla.

MMS gegnir lykilhlutverki í innviðum skólastarfs á landsvísu, meðal annars með þróun og rekstri nemendagrunns sem skólar og sveitarfélög um allt land treysta á. Ef ekki verður tryggt áframhaldandi fjármagn til slíkra sameiginlegra innviða eykst hætta á að þróun, innleiðing og viðhald kerfa verði ómarkvisst og að kostnaður færist í auknum mæli yfir á sveitarfélögin.

13. Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Sérstaklega þarf að tryggja áframhald verkefna eins og MEMM, sem felur í sér fræðslu, ráðgjöf og stuðning við menntun, móttöku og menningu barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Slík verkefni eru mikilvæg forsenda inngildingar, jafnræðis og betri námsárangurs. Niðurskurður eða óvissa um fjármögnun þeirra vinnur gegn markmiðum um að styrkja börn af erlendum uppruna og styðja skóla við að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda með faglegum og samræmdum hætti.

14. Framlag til námsgagna og ytra mats í leik- og grunnskólum

Reykjavíkurborg bendir á að þótt í fjárlagafrumvarpinu sé gert ráð fyrir auknu framlagi til námsgagna og innleiðingar áherslna í stærðfræði, tækni og vísindum, lækka fjárheimildir á málefnasviði 22, sem tekur meðal annars til leikskóla- og grunnskólastigs, að raunvirði. Það vekur áhyggjur í ljósi þess að sveitarfélög bera meginábyrgð á rekstri grunnskóla en treysta jafnframt á öfluga sameiginlega innviði, faglegan stuðning og samræmda þjónustu ríkisins. Mikilvægt er að aukin áhersla á skólaþróun, námsgögn, inngildingu og stuðning við fjölbreyttan nemendahóp endurspeglist í nægjanlegum og fyrirsjáanlegum fjárheimildum.

Þá telur Reykjavíkurborg mikilvægt að tryggt verði sérstakt og nægjanlegt fjármagn til ytra mats leik- og grunnskóla. Ytra mat er mikilvægt tæki til að styðja við gæði skólastarfs, faglega umbótavinnu og jafnræði milli barna óháð búsetu. Ef fjárheimildir til MMS dragast saman, án þess að verkefni á borð við ytra mat séu sérstaklega tryggð, skapast hætta á að dregið verði úr mikilvægri eftirfylgni og stuðningi við skóla og sveitarfélög. Reykjavíkurborg leggur áherslu á að mat, ráðgjöf og umbótastuðningur þurfi að haldast í hendur og vera fjármagnaður með skýrum og fyrirsjáanlegum hætti.

15. Börn með fjölþættan vanda

Reykjavíkurborg telur jafnframt mikilvægt að aukið framlag vegna barna með fjölþættan vanda verði ekki aðeins tímabundið svar við brýnni stöðu heldur hluti af varanlegri fjármögnun og skýrri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Börn með fjölþættan vanda þurfa samfellda þjónustu þvert á kerfi, þar á meðal skóla, félags- og velferðarþjónustu, heilbrigðisþjónustu og barnavernd. Því er mikilvægt að fjárveitingar styðji bæði við sérhæfð úrræði og snemmtækan stuðning í nærumhverfi barnsins, þannig að hægt sé

að bregðast fyrr við, draga úr líkum á alvarlegri vanda og tryggja börnum og fjölskyldum þeirra þjónustu við hæfi.

Þótt einstakar breytingar kunni að fela í sér hagræðingu eða útgjaldalækkun hjá ríkinu þarf að meta áhrif þeirra heildstætt með tilliti til þess hvort kostnaður færist yfir á fjárhagsaðstoð, húsnæðisstuðning, félagslega ráðgjöf eða aðra lögbundna þjónustu sveitarfélaga. Reykjavíkurborg leggur því áherslu á að áður en verkefni, þjónustuskyldur eða kostnaður færist milli stjórnsýslustiga liggi fyrir heildstætt kostnaðarmat og samkomulag um ábyrgðarskiptingu. Leiði breytingar til aukins kostnaðar eða aukinnar þjónustuþarfar hjá sveitarfélögum þarf að tryggja þeim viðeigandi og varanlega tekjustofna frá upphafi.

Að öðru leyti er vísað til umsagnar Reykjavíkurborgar um fjármálaáætlun 2027-2031. Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar. Jafnframt óskar Reykjavíkurborg eftir því að fulltrúar borgarinnar fái tækifæri til að koma fyrir fjárlaganefnd til að gera betur grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram koma í umsögn þessari.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,

Hildur Björnsdóttir,

borgarstjóri

Halldóra Káradóttir,

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík